

Umhverfisstofnun
Áb. _____
08. júlí 2016
Tilv. _____

Kratus ehf.  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2016  
UST201604-041/E.D.K.  
08.07.02

### Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 25. maí sl. þar sem Umhverfisstofnun tók ekki afstöðu til úrbótaáætlunar vegna fráviks sem varðar að rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni, en sá ferill er ekki skilgreindur í nýgildandi starfsleyfi. Ekki var tekin afstaða til áætlunar rekstraraðila um úrbætur þar sem þetta atriði var á sama tíma til umfjöllunar hjá umsagna- og leyfisteymi Umhverfisstofnunar og þótti rétt að biða niðurstöðu þaðan áður en lengra væri haldið.

Umhverfisstofnun vísar einnig í bréf, dags. 7. júlí sl. þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun telji ekki rétt að breyta núgildandi starfsleyfi til að rúma nýjan framleiðsluferil, heldur þurfi rekstraraðili að sækja um nýtt starfsleyfi þegar upplýsingar um ferlana liggi fyrir. Í bréfinu er einnig mælt til þess að þetta tímabundna ástand verði leyst með veitingu úrbótafrests vegna fráviksins.

Í tölvupósti frá fulltrúa rekstraraðila, dags. 15. júní sl., kemur fram að rekstraraðili hyggst sækja um nýtt starfsleyfi sem rúmar þennan nýja feril nú í haust. Einnig kemur fram að til standi að koma upp búnaði til að meðhöndla gjallsand frá vinnslunni og verði fyrsti áfangi hans kominn upp fyrir lok árs ef áætlanir ganga eftir. Fyrsti áfangi meðhöndlunarinnar fellst í þurrvinnslu og gert ráð fyrir að að lokinni henni verði gjallsandurinn urðaður í flæðigryfju Norðuráls. Annar áfangi í meðhöndlun á gjallsandi (blautvinnsla) er í tilraunafasa en gert er ráð fyrir að hann verði tilbúin í lok sumars 2017. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun en óskar eftir nánari niðurstöðum prófana á efnasamsetningu gjallsandsins eftir fyrsta áfanga meðhöndlunar fyrir 1. október 2016 og staðfestingu á að gjallsandurinn henti til tímabundinnar urðunar í flæðigryfju Norðuráls að lokinni þeirri meðhöndlunar. Þá er rekstraraðila veittur frestur til 1. nóvember 2016 til að senda inn starfsleyfisumsókn fyrir starfsemi Kratusar ehf. á Grundartanga.

Umhverfisstofnun samþykkir með framangreindum fyrirvörum að gjall sé unnið í Kratus ehf. með saltlausum ferli og gjallsandur verði skolaður í Helguvík og síðan fluttur í flæðigryfju Norðuráls að lokinni skolonar til 1. janúar 2017.

Staðfestingu á úrbótum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllst

*Eva Kristjáns*  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

*Gunnlaug H. Einarsson*  
Gunnlaug H. Einarsson  
sviðsþjóni